Félag háskólakennara

Hafðu samband eða kíktu í kaffi.

Sími: 525-4770, símsvari tekur á móti skilaboðum ef ekki fæst svar.
Heimasíða: www.fh.hi.is
Netfang: fh@hi.is**,**
Heimilisfang: Háskólabíó, opnunartími er á milli 9-16 alla virka daga.
Framkvæmdastjóri: Helga Birna Ingimundardóttir, helgabirna@hi.is**,**

Fréttabréf nr. 1 starfsárið 2013 – 2014

Félag háskólakennara

Í lögum félagsins er hlutverk þess að bæta starfsaðstöðu félagsmanna, vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna, vera í fyrirsvari félagsmanna gagnvart skyldum og innlendum og erlendum félagssamtökum. Einnig að stuðla að samstöðu félagsmanna og efla kynni meðal þeirra og að lokum að efla skilning alþjóðar á þeim málum er horfa til framfara fyrir Háskóla Íslands.

Félagið aðstoðar við gerð ráðningarsamninga og túlkun kjara- og ráðningasamninga. Veitir faglega ráðgjöf/upplýsingaöflun í kjara- og réttindamálum og aðstoðar við útreikning á launum og innheimtu ef þörf krefur. Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað og veitir lögfræðiaðstoð á sviði vinnuréttar. Trúnaðarmenn eru starfandi á flestum deildum og sviðum og má sjá lista yfir þá á heimasíðu félagsins. Á þeim sviðum og deildum er vantar trúnaðarmenn eru áhugasamir beðnir um að hafa samband. Félag háskólakennara er eitt af aðildarfélögum BHM.

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig fjöldi félagsmanna skiptist á vinnustaði eftir stöðugildum og fjölda ásamt meðaldagvinnulaunum á hverjum stað í apríl 2013. Einnig skiptingu á starfsheitum félagsmanna starfandi hjá HÍ.

Félagsmenn	***stöðugildi***	***fjöldi***	***Meðallaun apríl 2013, dagvinna, kr.***
Háskóli Íslands	***657,69***	***792***	***418.216***
Lektor	*127,83*	*153*	*440.701*
Dósent	*128,13*	*159*	*471.147*
Aðjúnkt	*56,82*	*81*	*417.362*
Stjórnsýsla	*226,22*	*252*	*431.204*
Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn	*12,49*	*14*	*478.275*
Rannsóknarmenn og nemar	*106,21*	*133*	*300.087*
Árnastofnun	***23,78***	***26***	***488.632***
Landasbókasafn-háskólabókasafn	***31,73***	***34***	***417.993***
Raunvísindastofnun	***28,89***	***30***	***474.426***
Tilraunastöðin að Keldum	***6,00***	***6***	***544.127***
Samtals	**748,09**	**888**	**423.625**

Aðalfundur 2013
Á aðalfundi Félags háskólakennara sem haldinn var 16. maí 2013, var ný stjórn kosin. Hún er þannig skipuð starfsárið 2013-2014.

Formaður:
Jörundur Guðmundsson, Forstöðumaður Háskólaútgáfan, (kjörinn 2013).

Aðrir í stjórn:
Michael Dal, varaformaður, lektor á menntavísindasviði, kennaradeild, (kjörinn 2012)
Baldvin Zarioh, ritari, deildarstjóri á vísindasviði, (kjörinn 2013).
Ragna Steinarsdóttir, gjaldkeri, fagstjóri á Landsbókasafni – háskólabókasafni, (kjörin 2012).
Hákon Hrafn Sigurðsson, dósent á heilbrigðisvísindasviði, lyfjafræðideild, (kjörinn 2012).
Ármann Höskuldsson, fræðimaður á Jarðvísindastofnun Háskólans, (kjörinn 2013).
Stefán Hrafn Jónsson, lektor í félags- og mannvísindanefnd, (kjörinn 2013).

Skoðunarmenn reikninga eru, Sigríður Jónsdóttir, fræðimaður á Raunvísindastofnun og Íris Davíðsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu VON.
Kjörnefnd skipa, Kristín Harðardóttir, forstöðumaður menntavísindastofnun HÍ, Sverrir Guðmundsson, verkefnastjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði og Sigríður Jónsdóttir, fræðimaður á Raunvísindastofnun.
Í samninganefnd félagsins eru stjórnar- og trúnaðarmenn á hverjum tíma.

Á döfinni

Kjarasamningur félagsins rennur úr í janúar 2014 í stað mars 2014, vegna sérstaks samkomulags sem BHM gerði fyrir hönd aðildafélaga sinna þann 11. febrúar 2013. Eingreiðsla kr. 38.000 miðað við þá sem eru í fullu starfi nóvember 2013 verður því greidd í janúar 2014.

Mikill hugur er í stjórn félagsins um að komandi kjarasamningsviðræður verði árangursríkar fyrir alla félagsmenn. Rætt hefur verið um það í fullri alvöru að félagið fari í aðgerðir og noti verkfallsvopnið ef samningar stefna í þá átt að uppfylla ekki þær væntingar sem gera má til launahækkana fyrir félagsmenn.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2012 stóð verkfallssjóður félagsins í rúmum 91 milljónum kr. um síðustu áramót. Það er digur sjóður sem kominn er tími til að nýta miðað við tilgang sjóðins sem er skv. 2. gr. laga hans :"*Tilgangur sjóðsins er að annast vörslu hluta félagsgjalda félagsmanna FH sem endurgreiða má þegar þeir geta ekki stundað vinnu vegna kjaradeilna sem FH er aðili að sbr. 7. gr. laga FH*".

Stefnt verður að því að virkja samkomulag sem undirritað var 10. maí 2012 um áætlun um nýtt samræmt launakerfi háskólamenntaðs starfsfólks opinberu háskólanna, milli formanns félagsins og samninganefndar ríkisins. Markmið hennar er eftirfarandi:

1. *Að sami stigafjöldi samkvæmt matskerfi akademískra starfsmanna (háskólakennarar og sérfræðingar) gefi sömu laun, óháð starfsheiti, og að öllum akademískum starfsmönnum verði varpað í sömu launatöflu.*
2. *Laun starfsmanna stjórnsýslu skólans verði skoðuð og samhæfð launum akademískra starfsmanna eins og kostur er.*
3. *Skýra og skilgreina launaröðun og réttindastöðu framhaldsnema (styrkþega).*

4. *Nú launasetning verði innleidd í skrefum samkvæmt nánari samkomulagi.*
5. *Styða og styrkja stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samstarf opinberra háskóla og samráð þeirra í milli til hagræðingar og aukinna gæða.*

Nú þegar hafa átt sér stað umræðum milli félagsins og FHA (Félag háskólakennara á Akureyri) um sameiningu félaganna. Aðalfundur FHA dags. 29. maí sl. ræddi fyrirhugaða sameiningu félaganna og var niðurstaðan sú að fundarmenn voru sammála því að skoða kosti og galla fyrirhugaðrar sameiningar félaganna.

Mikilvægt er að allir félagsmenn standi saman inn á við sem og út á við í komandi kjarasamningsviðræðum. Stjórn félagsins hefur það að markmiði að bæta upplýsingagjöf til félagsmanna á komandi starfsári og vonast eftir því að allir félagsmenn taki höndum saman í þeim verkefnum sem framundan eru. Stjórnin vill jafnframt hvetja þá félagsmenn sem hafa hugmyndir um þau atriði kjarasamningsins og/eða stofnanasamninga sem betur má fara að koma þeim á framfæri.

Finnlandsferð

Fjórir stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjóra sóttu árlega ráðstefnu norrænna stéttarfélaga háskólamanna í Finnlandi. Þar voru rædd ýmis sameiginleg fagmál ásamt málefnum er lúta að kjara- og réttindamálum. Ísland var með framsögu á dagskrá sem bar heitið „fjármál háskóla“. Þau félag sem tóku þátt í ráðstefnunni voru:

„Danmörk: Ingeniörforeningen í Danmark, Djöf og Dansk Magisterforening,
Finnland: Professorsförbundet, Forskarförbundet, OAJ/YLL og OAJ,
Noregur: Forskerforbundet.
Svíþjóð: SULF
ísland: Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla.“

Það vakti athygli fulltrúa Félags háskólakennara að norska stéttarfélagið, Forskerforbundet, er með sömu uppbyggingu félagsmanna og Fh. Það er að segja þar eru háskólakennarar, prófessorar, vísinda- og fræðimenn og háskólamenntað starfsfólk er starfar við stjórnsýslu, saman í einu stéttarfélagi. Félagið starfar þar bæði á almennum og opinberum markaði.

Sjóðir BHM

Minnt er á þá sjóði félagsins sem eru í vörslu BHM og greiða niður ýmsa styrki. Þar ber fyrst að nefna Styrktarsjóð BHM sem greiðir m.a. niður ýmsan kostnað s.s. sjúkraþjálfun, gleraugnastyrk og líkamsrækt. Sjóðfélögum Orlofssjóðs BHM standa til boða fjöldi orlofshúsa og íbúða bæði innanlands og erlendis. Markmið Starfsmenntunarsjóðs BHM er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurhæfingarnáms félagsmanna. Upplýsingar um sjóðina og þá þjónustu sem BHM veitir má sjá á heimasíðu bandalagsins, www.bhm.is

Sumarkveðjur

Um leið og stjórn félagsins óskar öllum félagsmönnum gleðilegs sumars vonast hún til þess að þessi tilraun með sendingu reglulegra fréttabréfa til félagsmanna um það sem er á döfinni hverju sinni, mælist vel fyrir.